

# Bokki sat í brunni

Pula

Jórunn Viðar

1 F 2 F F F

Bokk-i sat í brunn - i, hafð-i blað í munn - i,

F F F F

hrist-i sín - a hring - a, bað fugl að syngj - a.

Grágæsamóðir!  
Ljáðu mér vængi,  
svo ég geti flogið  
upp til himintungla.

Tunglið, tunglið taktu mig  
og berðu mig upp til skýja:  
þar situr hún móðir mín  
og kembir ull nýja,

þar sitja nunnur,  
skafa gulltunnur,  
þar sitja systur,  
skafa gullkistur,

þar sitja sveinar,  
skafa gullteina,  
þar sitja freyjur,  
skafa gulltreyjur,

þar sitja mágar,  
skafa gulltágar,  
þar sitja prestar,  
skafa gullfestar,

þar sitja afar,  
skafa gullnafar,  
þar situr hann faðir minn  
og skefur gullhattinn sinn.